

Myndlistaskólinn í Reykjavík

7. apríl – 28. Maí 134 kennslustund

5 einingar

Námskeið í fjórum hlutum:

Fagurfræði í nærmynd: 2 vikur. Leiðbeinandi: **Jón B. K. Ransu**

Þessi fyrsti hluti námskeiðsins tekur mið af fagurfræði í allri sinni margbrotnu mynd. Hvað er fallegt eða ljótt, sætt eða gróteskt.

Töfrar tungumálsins: 2 vikur. Leiðbeinandi: **Þorvaldur Þorsteinsson**

Þorvaldur hefur próað námskeið sem hann kallar „Skapandi skrif“ sem hann tvinnar saman við myndræna túlkun.



Hljóð-myndir: 2 Vikur. Leiðbeinandi: **Sigurður Guðjónsson**

Sigurður mun leiða nemendur í gegnum heim hreyfimynda, ljósmynda og hljóðmynda. Nemendur hafa aðgang að myrakraherbergi fyrir ljósmyndaframköllun og tölvuveri fyrir myndvinnslu.

Veröld í lit: 2. Vikur. Leiðbeinandi **Jón B. K. Ransu**. Í síðasta hluta námskeiðsins hleypum við af stað vinnuferli þar sem allt óvænt og ófyrirséð er velkomið tækifæri til að kynnast sér og umhverfi sínu upp á nýtt.



Kennsla fer fram í Myndlistaskólanum í Reykjavík

Mánudaga

09:00 – 14:30 (7x40 mín + hlé)

Miðvikudaga

09:00 – 12.00 (4x40 mín + hlé)

Föstudaga

09:00 – 14:30 (7x40 mín + hlé)

Aðferðir:

1) Að skynja umhverfið

Við förum í vettvangsferðir, skoðum, finnum, prófum, rannsökum og spyrjum spurninga án þess að krefjast rökrænnar niðurstöðu.

2) Að ræða saman

Leiðbeinendur fara yfir ýmsa þætti samtímalistar með viðkomu í tungutaki kvikmyndarlistar, tónlistar, skáldskapalistar, fagurfræði o.fl. og halda utan um umræður.

3) Að tjá sig

Þátttakendur vinna í ferli þar sem eitt leiðir af öðru og tjáningarmiðlum eru engin takmörk sett. Texti getur verið mynd, mynd getur verið frásögn, frásögn getur verið form og form getur verið hljóð.

Um námskeiðið



Í nýlegu erindi um myndlist og fjölmiðlun greindi Katrín Jakobsdóttir, Menntamálaráðherra, frá því að margir sem koma að mótun aðalnámskrár á Íslandi séu farnir að gera sér grein fyrir mikilvægi svokallaðs „myndlæsis“.

Forsvarsmenn menntakerfisins eru því að vakna upp við vandan draum eftir að hafa skorið niður almennt nám í listgreinum, því ef rækta skal myndlæsi á Íslandi þá er myndlist best til þess fallin, en hún byggir á umfram allt myndmáli og skapandi hugsun.

Á námskeiðinu verður myndmálið tekið til skoðunar og höfðað er til hins skapandi afls sem býr í hverjum

og einum sem kann að nýtast við hvaða aðstæður sem er því það eru ekki bara listamenn sem eru skapandi eða hafa einkarétt á myndmálinu. Allar manneskjur búa yfir skapandi eiginleikum og myndmálið stendur öllum til boða.

Listin kann hins vegar að hjálpa til við að vekja upp og örva skapandi hugsun auk þess hefur hún þá eiginleika að opna okkur gáttir þar sem við getum jafnvel uppgötvað hið augljósa í eigin umhverfi. Uppgötvun á einu kann að vekja áhuga á öðru og velt þannig af stað ferli þar sem hið smæsta getur orðið lykillinn að því stærsta. Þannig verður myndlist aðferð til að nema.

Hið skapandi afl er tækifæri til að kanna og kynna sjálfum sér og umhverfi út frá öðru sjónarhorni en því sem jafnan er borið á borð og snýr fyrst og fremst að myndrænni rannsókn, túlkun og tjáningu.

Þátttakendum námskeiðsins ber ekki nauðsyn að kunna að teikna, mála eða móta eða hafa að baki nokkra þjálfun í myndlist.

Leiðbeinendur



Jón B. K. Ransu er myndlistamaður, gagnrýnandi og fyrirlesari. Í myndlist sinni notar Ransu aðallega málverk sem spila saman við umhverfi/rými. Ransu hefur gagnrýnt og skrifað um myndlist í Morgunblaðið síðan árið 2002. Einnig hefur hann skrifað fyrir erlend listtímarit eins og New York art magazine og Art fairs international. Þá hefur hann kennt námskeið í Myndlistaskólanum í Reykjavík og í Listaháskóla Íslands.

Þekktustu ritverka komið út í 8 löndum meðal And Björk, of leiklistarverðlaun árið Þorvaldur hefur verið árabil.



Þorvaldur Þorsteinsson hefur starfað jöfnum höndum sem rithöfundur, myndlistamaður og kennari síðan árið 1990. Meðal hans eru Skilaboðaskjóðan og bækurnar um Blíðfinn, sem þegar hafa og hlotið margvísleg verðlaun. Eftir Þorvald liggja 14 leikrit, þar á course, en fyrir það hlaut hann Grímuna, hin íslensku 2003.

eftirsóttur kennari og fyrirlesari í Evrópu og Bandaríkjunum um



Sigurður Guðjónsson er gjörningalistamaður og er einna helst kunnur fyrir ljósmyndir og stuttmyndir sem byggja á frásagnakenndum gjörningum en eru að sama skapi myndræn tónverk, en Sigurður er meðlimur í hljómsveitinni Cranium og er jafnvígur á hið sjónræna og tónræna.

Sigurður hefur kennt í fornámi Myndlistaskólans í Reykjavík og í Listaháskóla Íslands.